

Afstödumynd 1:500

Skráningartafla:	Selhella 8				Skrásetjari:	Ragna Þóra Ragnarsdóttir											
Landnúmer:	204704				Kennitala:	090464-4509											
Matshlutanúmer:	01				Útgáfa: 4.01t	Dags.:	23/11/2018										
Uppskipting og lýsing					Stærðir												
D0 Lokun	D1 Rými hæð-róð	D2 Notkun texti	D3 Höfuð-flokkun	D4 Eignar-hald	D5 Botnflötur m²	D5M Milliflötur m²	D6 Stigar m²	D7 Op m²	D8 Brúttóflötur m²	D9 Brúttóflötur sh < 1,8	D10a Salarhæð min	D10b Salarhæð max	D11 Brúttó rúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	D17 Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			1,192.0	282.9	7.8	0.0	1,474.9	0.0			7,776.2	1,401.0	1,474.9		7,209.365
		Botn											238.4				
	01	1. hæð			1,192.0	0.0	7.8	0.0	1,192.0	0.0			7,537.8	1,139.7	1,192.0		
A	0101	þjónusta/skrifstofa	N	0101	1,180.8		7.8		1,180.8		3.40	7.50	7,499.6	1,130.3	1,180.8	6.35	7,177.405
A	0102	inntök vatn	T	0101	5.6				5.6		3.40	3.40	19.1	4.7	5.6	3.40	15.980
A	0103	inntök rafmagn	T	0101	5.6				5.6		3.40	3.40	19.1	4.7	5.6	3.40	15.980
B	0104	anddyri	U	0101	4.9				4.9		2.40	2.40	11.8				
	02	2. hæð			0.0	282.9	0.0	0.0	282.9	0.0			0.0	261.3	282.9		
A	0201	milliloft smávörul	N	0101		82.4			82.4		4.10	4.10		77.8	82.4		
A	0202	milliloft verkstæði	N	0101		200.5			200.5		4.10	4.10		183.5	200.5		

Athugasemdir

Sameignir sumra

Eignarhald

	Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál Séreign m³	Séreign og sameign m³
	0101	þjónusta/skrifstofa	1,474.9	7,209.365	7,209.365
		Alls	1,474.9	7,209.365	7,209.365

Samþykkt þann 04 DEC 2019
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

Selhella 8.

Erindislýsing 23.11.2018.

Landnúmer 204704 Staðgreinir 1400-01-72050080

Matshlutanúmer 01

Sótt er um leyfi til að breyta þegar samþykktu stálgrindarhús fyrir atvinnu- og eða lagerstarfsemi.

Húsið verður Þjónustu/skrifstofubygging sem eru 1474.9 m2 og 7776.2 m3.

Húsinu er deilt í 3 bil skrifstofur, verkstæði og lager.

Burðavirkið er stágrind.

Þak lager-og verkstæðishús er byggt ofan á stálgrindarbita með leiðurum sem liggja milli stálgrindarbita ofan á þeim eru trapisuformaðar stálplötur LPS 1000 litur RAL . Einangrun er 200 mm glerull 16/m3. Þakklæðning eru trappisuformaðar Aluzinc plötur. Veggir lager-og verkstæðishús verða klæddir að utan með veggjapanel litur RAL 9010 einangrað með þéttpressaði 100 mm steinull. Að innan verða veggir klæddir með stálveggjpanel LPI 1200 frá Astron litur RAL 7044.

Sama uppbygging og á lager-/verkstæðisþaki verður á þaki skrifstofuhluta.

Útveggir verða stálgrindar panelveggir klæddir með stálpanelplötum að utan litur RAL 7046 og Cortenstálplötum við inngang. Einangrun verður 100 mm steinull. Að innan verða veggir klæddir með 2x13 mm gipsplötum.

Loft verða niðurhengd sysstemloft nema loft í matsal þar sem allt burðavirki verður sýnilegt. Loft í fundarherbergi verður gipsklætt.

Allar klæðningar inni verða í flokki I.

Húsið er allt vatnsúðavarið.

Skrifstofur:

Skrifstofuálman er á einni hæð. Og er þannig uppbyggð að þeir vinnustaðir/skrifstofur þar sem menn hafa fasta viðkomu svotil allan daginn eru staðsettar við útvegg/glugga. Þau rými sem eru minna notuð ekki fastur vinnustaður eru í miðrými.

Aðalinnganga er á vesturhlið. Í aðalinngangi er móttaka og lítið fundarherbergi. Allri aðkomu að húsinu er stjórnað frá aðalinngangi.

Skrifstofur eru við austur- og vesturhlið. Til þess að gefa þessum rýmum meira líf er horfið frá hefðbundnum skristofugluggaböndum. Í staðin er notast við tvær stærðir glugga fernings- og langhyrningslaga. Langhyrngslaga gluggarnir eru ýmist láréttir eða lóðréttir. Veggirnir verða því margbreytilegir og dagsbirtan fallan inn á skemmtilegan hátt

Miðsvæðis er stór fundarsalur. Glerveggur aðskilur hann og móttökurými framan við hann. Dagsbirtu nýtur í fundarsal frá þakglugga. Dagsbirta fellur því einnig í móttökurýmið gegnum glervegginn. Dagsbirtu nýtur því í miðju húsi, sem er gæði.

Matsalur fyrir 30-36 manns er í suðausturhorni tengist einnig móttökurými. Þar er aðgangur að palli með möguleika á að sitja utandyra. Þar er mjög gott skjól fyrir norðanátt. Eldhús er framreiðslueldhús, þannig að enginn raunveruleg eldun á sér stað aðeins upphitun. Undir borðum verða kæli- og frystiskápar eftir þörfum. Rafmagn verður lagt svo hægt verði að breyta eldhúsi í framleyðslueldhús. Tengt eldhúsi er aðstaða fyrir starfsmann þess.

Það eru á miðsvæði 8-10 vinnusvæði fyrir útimenn með aðgang beint frá verkstæði og skrifstofum. Með aðgang frá skrifstofurými er einnig búningsherbergi með 22 skápum, sturtu og salerni. Frá verkstæði er aðgangur að geymslu og þurrkherbergi fyrir útiföt. Upphitun er með gólfhita.

Verkstæði:

Verkstæði og lager eru með fulla lofthæð allt að 7.0 m hæst og 6.3 þar sem rými er lægst. Milliloft eru í báðum rýmum. Milliloft í verkstæði eru að hluta byggð yfir skrifstofuálmuna. Þar eru tæknirými. Rými fyrir tölvu stjórntæki og rými fyrir loftræstibúnað. Þetta eru hvorutveggja eldtraust rými. Flóttaleið frá milliloft verkstæðis er auk stiga niður á 1.hæð, út á afgirt svæði á þaki yfir skrifstofurými. Gert er ráð fyrir einu þvottastæði, sem verður með sér niðurfall í olíusíu sem er niðurgrafinn fyrir utan hús. Tvær innkeyrsludyr eru 4.00 x 4.20m.

Lager:

Hiti á lager á verður ekki meir en 18 °C . Einangrun fer því einungis 1 metra inn fyrir plötu frá sökkli. Þar er smávörulager, geymsla fyrir kefli og spenna, eldtraust hleðslurými fyrir lyftara og upphitað skrifstofurými fyrir afgreiðslumann. Milliloft er ofan á smávörulager. Flóttaleið þaðan er um stiga og um björgunarop og fellistiga á vesturhlið. Inntaksrými eru fyrir rafmagn og vatn (sprinkler)er aðskilið. Innkeyrsludyr eru 5.00 x 4.20 m,

Gler í aðalinngangi og matsal er þar sem við á samlímt öryggisgler smkv. 12.4.3 gr.

Sorp er við innkeyrslu í suðvestur horni lóðar.

Bifreiðastæði:

Samkvæmt skipulagi skulu ver 42 bílastæðum miðað 1 stæð/35 m2. Á lóðinni eru 47 stæði. Það eru 6 hleðslustæði fyrir rafbíla við norðurhlið hússins. Við gerð þeirra vísast til breytingu á byggingarreglugerð nr. 112/2012 á eftir 10. mgr. 6.8.1. gr. 5.

Bygginarmagn	1.474.9 m2
Brúttóttórúmmál	7.776.2 m3
Lóðarstærð	4.787.9 m2
Nýtingarhlutfall	0.31
Bygginarmagn var	1.193.4 m2
Brúttóttórúmmál var	8.112.8 m3
Hús stækkar því um 281.5 m2 og minnkar um	336.6 m3.

Varðandi hitatap sjá útreikninga TÓV.

Brunahönnun fyrir Selhellu 8

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin verður í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð. Um er að ræða matsal, skrifstofur, verkstæði og vörugeymslu.

Notkunarskilmálar
Hámarksstöflun á lager er 2,9 m á gólf (ST1), 2,2 m í rekkum (ST2), 2,2 m í brettarekka (ST3). Reiknað er með class I-III vörum skv. ÍST EN 12845.
Vörurekkar við útvegg verða varðir sérstaklega með rekkaúðahausum, sjá nánar í brunahönnunarskýrslu.
Einungis er reiknað með léttri eldun í eldhúsi, t.d. er ekki reiknað með djúpsteikingu eða eldun með gasi.
Ef breyting verður á þessum forsendum þarf að endurskoða brunahönnun.

Brunahólfun
Byggingin er eitt meginbrunahólf, um 1480 m² en skiptist í nokkur brunahólf.
Lager og verkstæði ásamt milligólfum er eitt brunahólf, um 713 m².
Hleðslurými lyftara í vörulager er sér brunahólf.
Skrifstofa, matsalur og tengd rými eru eitt brunahólf, um 422 m².
Inntaksrými vatnsúðakerfis er sér brunahólf.
Inntaksrými rafmagns er sér brunahólf.

Burðarvirki
Burðarvirki hússins verður stálrammar.
Brunahólfandi veggir milli lagers og skrifstofuhluta er a.m.k. REI60 og burðarvirki í honum eldvarin a.m.k. R60.
Aðalburðarvirki í milliloftum skulu vera eldvarin a.m.k. R30.
Milliloft yfir skrifstofum sem tilheyra verkstæði skulu uppfylla a.m.k. REI60.
Í þeim tilfellum þar sem hætta er á miklu staðbundnu brunaálagi, t.d. þar sem vörurekkar eru við veggi verður komið fyrir rekkaúðahausum.
Stálburðarvirki verður að óðru leiti ekki eldvarið sérstaklega.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða almennt í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Upphengd loft verða úr A-efnum.
Utanhúsklæðningar og þak eru samlokueiningar fylltar með steinull og eru í flokki 1.
Þakklæðningar eru samlokueiningar einangraðar með steinull og eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 30 m í næsta útgang eða næsta brunahólf.
Frá lager eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út.
Frá verkstæði eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út.
Frá milliloftí í verkstæði eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur er út í gegnum gang og þaðan út á þak, hin er niður stiga og þaðan beint út.
Frá milliloftí lagers er ein flóttaleið beint niður en auk þess BO og fellistigi.
Frá skrifstofum eru a.m.k. þrjár óháðar flóttaleiðir, ein er út í gegnum vinnusvæði útimanna og þaðan inn á lager, önnur er út í gegnum matssal og þaðan út og þriðja er út í gegnum móttöku og þaðan út.
Frá matsal eru tvær óháðar flóttaleiðir, ein er í gegnum skrifstofurými, hin er beint út.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Stjórnstöð og yfirlitsmynd er við inngang skrifstofa. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

Loftræsikerfi
Settar verða brunalokur þar sem loftræsikerfi ganga í gegnum brunahólf. Þær skulu uppfylla a.m.k. EI60-S og lokast við staðfest brunaboð. Þær skulu tengdar prófunarbúnaði skv. DS 428.

Reyklosun
Reyklosun frá lager er m.a. um tvær 1 m² reyklúgur sem verður hægt að opna með hnappi við stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis.
Reyklosun frá verkstæði er m.a. um eina 1 m² reyklúgu sem verður hægt að opna með hnappi við stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis.
Reyklúgur skulu vera í samræmi við ÍST EN 12101-2:2003.
Einnig er reiknað með reyklosun verði um stórar vöruhurðir.
Reyklosun frá öðrum rýmum er almennt um hurðar og glugga.

Brunaslöngur og slökkvitæki
Brunaslöngur skv. ÍST EN 671 verða í lager og verkstæði sbr. teikningar. Slökkvitæki eru í byggingunni skv. ÍST EN 3 sbr. teikningar. Miðað er við t.d. 9 L léttvatn í lager, 6 L léttvatn í skrifstofuhluta og 5 kg kolsýra við rafmagnstöflur og í lyftarahleðslurými. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Vatnsúðakerfi
Vatnsúðakerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 12845.
Lager verður í áhættuflokki HHS.
Rekkar við veggi á lager verða með rekkaúðahausum.
Verkstæði verður í áhættuflokki OH3.
Skrifstofur, matsalur og önnur tengd rými verða áhættuflokki OH1.
Stjórnbúnaður er í sér brunahólfi sem er utangengt.
Tvíburatengi er staðsett utan við inntaksrými.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 5 lux í lyftarahleðslurými og inntaksrýmum, 1 lux á flóttaleiðum og inntaksrými og 0,5 lux á lager, verkstæði, milligólfum og salernum fatlaðra.
Útljós eru við alla útganga hússins.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma er góð að byggingunni frá Selhellu og miðað er við að viðbragðstími slökkviliðs sé innan við 10 mínútur. Reiknuð slökkvivatnsþörf skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar er um 3100 l/min í 90 mínútur.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Selhellu 8.

Sjá nánar um brunavarnir í skýrslu Brunahönnunar slf. nr. 18-139-001-bh01.

Loftræsting
Kerfið þjónar skrifstofuhluta hússins, í því eru skrifstofur, fundarsalur, matsalur, starfsmannaðsta, salerni og ræsting.
Loftræsisamstæða verður með síum, blásurum, og hjólvarmaendurvinnslu.
Loftræsikerfið tryggir loftgæði þessa hluta hússins þar sem flestir starfsmann dvelja lengstum. Um leið verður hitastjórnun í húsinu betri og varmendurvinnsla í samstæðu tryggir umtalsverðan orkusparnað ásamt því að ekki er þörf á því að opna glugga, því berst ekki hljóð og ryk inn um þá þannig að sparnaður verður einnig í þrifum.
Samstæða verður með klukku og dagatali ásamt því að hægt er að keyra hana upp eða niður eftir notkun þannig að þegar ekki er þörf á loftræsingu þá er hlægt að keyra hana á lágmarksafköstum eða slökkva .
Húsið er staðsett við umferðargötu þannig að ætla má að ef gluggar eru hafðir opnir þá farið hávaði upp fyrir þau hljóðvistarkröfur sem eru í rými sem þessu. Þar sem stokkar liggja milli rýma eru settar hljóðgildrur til tryggja þær kröfur sem koma fram í kafla 9 í ÍST 45 séu uppfylltar auk þess sem hljóðgildrur eru við samstæðu til að tryggja að ekki fari hljóðburður frá samstæðu yfir í önnur rými.
Miðað er við að sólstopp verði í gleri ásamt gardínum sem taki mesta sólarálagið þannig að það verði innan við 100 W/m² frá glerflötum.
Öll íverurými er loftræst með inn- og útsogi. Tryggt verður að loftgæði sé ávallt góð og CO^2 magn fari ekki upp fyrir 0,08%. Miðað er við að lofskiptin sé ekki minni en 7,0 l/sek á persónu í viðkomandi rýmum.
Grunnhiti húss er tryggður með gólfhita en hitasveiflur vegna sólarálags og álagas frá fólki og búnaði er tekið með loftræsingunni. Samstæða er staðsett í þakrými og inntak og frákast er upp úr þaki.
Góð loftræsting tryggir að ekki verður rakþétting í húsinu og þar með er myglu- og sveppamyndun ólíklegri. Innblástur er hafður ívið meiri en útsog þannig að ekki sé undirþrýstingur í húsinu og minnkar þar með líkur á leka.
Með því að hafa einungis gólfhita er hætt á því að loft verði kyrrt og því hætta á rakaþéttingu og ekki eins þægilegu loftið þó að hitun sé næg.

GP ARKITEKTAR

Verkefni: Selhella 8

Afstöðurnynd
Erindislýsing, eldvörn
loftræsting, skráning

Teikning nr.	500-00
Mál	1:100
Dags.	06.11.2019
Teiknað	GP

Fiskislóð 31 101 Reykjavík
Sími: 5511790
5621290
gpark@gpark.is
Guðni Pálsson Arkitekt FAÍ
Kt. 291246-4519